

Fjórði fundur þjóðaröryggisráðs fór fram 26. september 2018

Sérstakt umfjöllunarefni á fundinum voru netöryggismál m.a með hliðsjón af alþjóðlegri þróun, lagaumhverfi og alþjóðlegu samstarfi.

Greint var frá því að málþing ráðsins um fullveldi og þjóðaröryggi, muni fara fram 23. nóvember n.k. í samvinnu við háskóla. Málþinginu er ætlað að varpa ljósi á mikilvægi umræðu um fullveldi og þjóðaröryggi.

Kynning fór fram á undirbúningi æfingar á fundi þjóðaröryggisráðs ef þeir atburðir hafa orðið eða eru yfirvofandi sem ætla má að hafi áhrif á þjóðaröryggi.

Gestir fundarins voru Sigurður Ingi Jóhannesson samgöngu og sveitarstjórnarráðsherra ásamt ráðuneytisstjóra sínum.